

FRÉTTABRÉF

VERKEFNIÐ

Road to Freedom er 2ja ára verkefni sem styrkt er af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins. Þar vinna 6 samstarfsaðilar að því að þróa fræðslu og stuðning við fanga og fyrrum fanga í samstarfi við hag- og fagaðila í fangelsum. Byggt er á FROG markþjálfun sem kemur frá samfélagsfyrirtækinu Lyk-Z í Noregi auk þess að byggja á notendamiðaðri nálgun og jafningjastuðningi.

Markmið verkefnisins er að þjálfa leiðbeinendur í þáttökulöndunum til að bjóða upp á FROG þjálfun og stuðla með því að valdeflingu fanga og styðja við aðlögun þeirra að samfélaginu eftir afplánun. Þjálfunin gagnast enn fremur öðrum jaðarsettum hópum í samfélaginu.

SAMSTARFSADILAR



- Quasar, Íslandi (verkefnisstjórn)
- Athens Lifelong Learning Institute, Grikklandi
- CESIE, Ítalíu
- Sudwind Verein Fur Entwicklungs Politik Und Globale Gerechtigkeit, Austurríki
- Social Policy and Action Organization, Kýpur
- lyk-z & döttr, Noregi



MARKMIÐ VERKEFNISINS

Að valdefla og styðja við aðlögun fanga og fyrrum fanga að samfélaginu til að stuðla að virkri þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Í gegnum þátttöku í verkefninu verður til tengslanet og vettvangur sem veitir eftirfylgd og stuðning að lokinni þjálfun.



Co-funded by
the European Union



ROAD TO
FREEDOM

ROAD TO FREEDOM: NIÐURSTÖÐUR ÞARFGREININGAR!

Gagnaöflun og samantekt um menntun í fangelsum í Austurríki, Kýpur, Grikklandi, Íslandi og Ítalíu má nálgast á vefsíðu Road To Freedom verkefnisins.

Í upphafi Road To Freedom verkefnisins fór af stað gagnaöflun (desk research) sem hafði það markmið að auka innsýn á hindranir og möguleika innan fangelsiskerfa samstarfslanda (Austurríkis, Kýpur, Grikklands, Ísland og Ítalíu) og meta skilvirkni fræðslustarfs í fangelsum og tengt afplánun. Gagnaöflunin lagði grunn fyrir þróun annarra afurða FREEDOM verkefnisins svo sem handbók og námskrá um FROG þjálfunina frá Lyk-Z sem miðar að því að valdefla og styðja við fanga og fyrrum fanga.

Í vettvangsathugun (field research) voru tekin viðtöl við þátttakendur í FROG þjálfuninni eftir að henni lauk auk þess sem byggt var á niðurstöðum rýnihópa og viðtölum við fagaðila sem tengjast menntun, meðferð og endurhæfingu í fangelsum og innan réttarkerfisins. Í samanburðarskýrslu er fjallað um stöðu mála varðandi menntun og þjálfun innan fangelsa auk þess að kynna góðar starfsvenjur (good practices) og fyrirmyndarverkefni á þessu sviði í samstarfslöndunum.

Hægt er að nálgast samantektir vegna gagnaöflunar og samanburðarskýrslu vettvangsathugunar á heimasíðu verkefnisins (<https://road2freedom.eu/>)

Samstarfsaðilar vona að nálgun og niðurstöður gagnaöflunar og vettvangsathugunar geti gagnast öðrum í þeirra starfi. Ef þú vilt fá frekari upplýsingar eða ert með spurningar varðandi verkefnið ekki hika við að hafa samband við okkur hjá Quasar.